

Sveitarfélagið Ölfus
Sigurður Steinar Ásgeirsson
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn

Reykjavík, 17. september 2024
UST202407-432/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting - Deiliskipulag - Skíðaskálinn í Hveradölum - Sveitarfélagið Ölfus

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 31. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Skíðaskálann í Hveradölum.

Í erindinu kemur fram breytingin nær til lóðar skíðaskálans í Hveradölum. Meginbreyting tillögunnar felst í því að stærð og lögun byggingareita 04, 05 og 06 hefur verið breytt á teikningu og reit 07 hefur verið bætt við. Ný hótélbygging kemur á reit 06 og þjónustubyggingar færast yfir á reit 04. Bílastæði eru flutt frá miðsvæði að Suðurlandsvegi til að minnka áhrif þeirra á svæðið og nýta betur miðsvæðið.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan gerir ráð fyrir vatnstöku, baðlónum og fráveitu frá ferðaþjónustu þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerðunum. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#)

Grunnvatnshlotið Selvogsstraumur 1 (104-249-G) er á framkvæmdarsvæði. Vatnshlotið hefur umhverfismarkmið um gott efnafræðilegt ástand og góða magnstöðu. Ástand vatnshlotsins er óþekkt og því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Gera þarf áhrifamat til þess að meta áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á þá gæðapætti sem skilgreindir hafa verið fyrir þau vatnshlot sem verða fyrir áhrifum vegna framkvæmdarinnar og hvort framkvæmdirnar munu valda því að vatnshlotið nái ekki umhverfismarkmiðum. Sjá nánar á vefsíðu stjórnar vatnamála.² Slíkt áhrifamat skal m.a. innihalda upplýsingar um:

- Vatnshlotið sem um ræðir, núverandi ástand þess og umhverfismarkmið.
- Áhrif vegna framkvæmdarinnar og hvernig hún hefur áhrif á gæðapætti sem eru notaðir til að ástandsmeta vatnshlotin (sjá töflu á vefsíðu stjórnar vatnamála³). Ef greind eru líkleg neikvæð áhrif, bein eða óbein, á gæðapættina vegna framkvæmdarinnar þarf að gera sérstaklega grein fyrir þeim tengslum og umfangi áhrifanna.
- Mat á því hvort framkvæmdin valdi því að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir vatnshlotin náist ekki.
- Hugsanlegar mótvægisáðgerðir til að koma í veg fyrir neikvæð áhrif (þ.e. ef kemur í ljós að umhverfismarkmiðin nást ekki).
- Samlegðaráhrif allrar starfsemi (núverandi og fyrirhugaðri) sem hefur eða getur haft áhrif á vatnshlotið.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að ítarlegra áhrifamat þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdarleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun bendir á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Edda Sigríður Freysteinsdóttir

sérfræðingur

² [Umhverfisstofnun | Stjórn vatnamála](#)

³ [Umhverfisstofnun | Vöktunaráætlanir og skipulagning vöktunar \(vatn.is\)](#)